

7. fundur

Fundur safnanefndar var haldinn miðvikudaginn 3. mars 1999 í Ráðhúsinu kl. 18:15.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Ægir Jóhannsson, Laufey Hjaltalín og Guðmundur Andrésson sem ritar fundargerð. Einnig Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins.

Formaður, Guðrún A. Gunnarsdóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Tölvukerfi.
 2. Önnur mál.
-
1. Tölvukerfi.
Sigurlína sagði frá bókasafnskerfinu Feng og að Hrafn Harðarson væri tilbúinn til að koma og gangsetja kerfið og kynna það.
Ákveðið að fá Hrafn til að kynna kerfið.
 2. Önnur mál.
Rætt um bókun í seinustu fundargerð, punkta vegna gerðar erindisbréfs.
Bæjarstjórn hefur samþykkt að nefndin geri tillögu að erindisbréfi.
Rætt um möguleika og aðferðir til að fá efni sem til fellur t.d. mannamyndir og gamlar mannlífsmyndir úr Stykkishólmi. Æskilegt að búa til lista yfir möguleika á þessu.

Sigurlína sagði frá því að tilboð í gerð afgreiðsluborðs á Amtbókasafn væru í athugun.

Sigurlína sagði frá notkun almenningstölvu með internettengingu, meðalnotkun til þessa er einn notandi á dag og allt hefur gengið vel til þessa.

Fundargerðin upplestin og hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:05.

Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Gunnar Gunnarsson (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.).

Íhs.